



Starfsreglur áhættunefndar

indó sparisjóður hf.

Yfirlit útgáfu

Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Dagsetning	Samþykkt af	Dagsetning
2.0	Uppfærsla	Salka Þórðardóttir	29.04.2026	Stjórn indó	21.05.2026
1.0	Fyrsta útgáfa	Salka Þórðardóttir / Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir	10.06.2025	Stjórn indó	26.06.2025

1. INNGANGUR

Áhættunefnd indó (hér eftir „nefndin“) er skipuð af stjórn indó sparisjóðs hf. (hér eftir „indó“ eða „sparisjóðurinn“) í samræmi við 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Nefndin starfar í umboði stjórnar og á hennar ábyrgð. Nefndin starfar samkvæmt íslenskum lögum, reglum og leiðbeiningum Viðskiptaráðs um stjórnarhætti fyrirtækja, sem og stjórnarháttaskjöllum sparisjóðsins, þ.e. starfsreglum stjórnar og handbók stjórnarfólks.

Markmið með skipan nefndarinnar er að hún sinni tilteknum verkefnum fyrir stjórn sem snúa að eftirliti með m.a. mótun áhættustefnu og áhættuvilja sparisjóðsins. Það eftirlitshlutverk dregur þó á engan hátt úr ábyrgð stjórnar og stjórnenda á þeim verkefnum.

Starfsreglur þessar skulu samþykktar af stjórn sparisjóðsins og eru allar breytingar á starfsreglunum háðar samþykki stjórnar. Árlega, eða oftar ef þörf þykir, skulu starfsreglur þessar yfirfarnar og eftir atvikum uppfærðar. Formaður áhættunefndar ber ábyrgð á yfirferð sé framkvæmd.

Nánar er fjallað um hlutverk nefndarinnar í 5. kafla.

2. SKIPUN NEFNDAR

Stjórn félagsins ber ábyrgð á skipun nefndarinnar. Nefndin skal skipuð eigi síðar en mánuði eftir aðalfund og skal hún skipuð til eins árs í senn. Nefndin skal skipuð þremur aðilum, og skulu allir aðilar vera stjórnarmenn sparisjóðsins. Framkvæmdastjóri og aðrir daglegir stjórnendur sparisjóðsins skulu ekki sitja í nefndinni.



Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk nefndarinnar og búa yfir nægilegri þekkingu og hæfni til að skilja að fullu og hafa eftirlit með áhættustefnu og áhættuvilja félagsins.

Nefndarmönnum er heimilt að segja sig frá störfum nefndarinnar hvenær sem er og skal þá skipaður annar aðili þeirra í stað. Stjórn er heimilt að víkja nefndarmanni frá störfum án fyrirvara og/eða rökstuðnings. Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla og skulu meta eigið hæfi og upplýsa aðra nefndarmenn um slíkt.

Nýir nefndarmenn skulu staðfesta að þeir hafi lesið og skilið starfsreglur þessar og skal bókun þess efnis gerð á fyrsta fundi eftir kjör nýrrar nefndar eða nýs nefndarmanns. Jafnframt skal tryggja skal að nýir nefndarmenn fái viðeigandi leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar í upphafi starfsárs.

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði og þagnarskyldu og skulu meðhöndla öll gögn sem trúnaðargögn.

3. HEIMILDIR NEFNDAR

Nefndin skal hafa aðgang að öllum þeim upplýsingum sem taldar eru nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu. Nefndin hefur heimild til beinna samskipta við stjórn, stjórnendur og ytri- og innri endurskoðanda.

Nefndin hefur heimild til að kalla til óháða ráðgjafa sem hún telur nauðsynlega til að geta sinnt hlutverki sínu. Kostnaður vegna slíks skal þó samþykktur fyrirfram í stjórn sparisjóðsins.

4. FUNDIR ÁHÆTTUNEFNDAR

Starfsáætlun nefndarinnar skal lögð fram í upphafi hvers starfsárs. Nefndin skal funda hið minnsta tíu sinnum á ári, en oftast ef þurfa þykir. Til að fundur sé ályktunarbær þurfa tveir nefndarmenn hið minnsta að sitja fundinn. Komist nefndarmaður ekki á fundinn skal hann staðfesta að hafa kynnt sér efni fundarins á næsta fundi nefndarinnar. Nefndin skal að lágmarki einu sinni á ári eiga fund með áhættustjóra án framkvæmdastjóra til að ræða málefni áhættustýringar.

Fundargerð skal ávallt rituð og skal hún samþykkt á næsta fundi nefndarinnar. Stjórn skal hafa aðgang að fundargerðum nefndarinnar.

5. HLUTVERK

Hlutverk nefndarinnar er einkum að veita stjórn ráðgjöf og aðstoð við eftirlit með áhættustefnu og áhættuvilja sparisjóðsins. Í samræmi við 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og



EBA/GL/2021/05 (EBA Guidelines on Internal Governance) skal áhættunefnd meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:

- Hafa yfirsýn yfir alla áhættuþætti í starfsemi indó til að tryggja að þeim sé stýrt í samræmi við áhættustefnu og viðskiptaleg markmið.
- Nefndin skal, ef við á, yfirfara hvata í starfskjarastefnu indó með tilliti til þess hvort þeir samræmast áhættustefnu sparisjóðsins og taki nægjanlegt tillit til áhættu, eigin fjár og lauss fjár.
- Nefndin skal með reglubundnum hætti fara yfir stefnuskjöl um áhættustýringu og áhættuvilja og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar t.d. vegna breytinga á viðskiptalíkani sparisjóðsins, þróunar í rekstrarumhverfi eða vegna tillagna frá áhættustýringu.
- Að yfirfara innra mat á eiginfjár- og lausafjárþörf (ICAAP/ILAAP) og endurbótaáætlun fyrir samþykki stjórnar, og leggja mat á áhrif mismunandi sviðsmynda eða álagsprófa vegna innri eða ytri atburða á rekstur, afkomu, eiginfjár- og lausafjárþörf sparisjóðsins
- Að hafa yfirsýn yfir helstu vöru- og þjónustuþætti sem sparisjóðurinn býður viðskiptavinum sínum og yfirfara að verðlagning þeirra sé í samræmi við viðskiptalíkan og áhættustefnu.
- Nefndin skal yfirfara tillögur frá innri endurskoðendum er varða áhættustýringu sparisjóðsins og tryggja eftirfylgni úrbótaverkefna.
- Nefndin skal eiga regluleg samskipti við eftirlitseiningar sparisjóðsins, fylgjast með sjálfstæði, virkniog nægjanlegum mannafla áhættustýringarog yfirfara skýrslu um framkvæmd áhættustýringar eigi sjaldnar en árlega¹.

6. SJÁLFSMAT OG UPPLÝSINGAGJÖF TIL STJÓRNAR

Nefndin leggur sjálfstætt mat á störf einstakra nefndarmanna og störf sín í heild. Nefndin skal fara árlega yfir starfshætti sína og gera breytingar eftir þörfum.

Nefndin þarf að upplýsa stjórn reglulega um störf sín, þ.m.t. árleg skýrsla um verkefni nefndarinnar. Ef þörf er á skal nefndin gefa stjórn skriflegar ráðleggingar.

Samþykkt á fundi áhættunefndar, þann 29. apríl 2026

Samþykkt af stjórn indó sparisjóðs hf., þann 21. maí 2026

¹ Hjá indó er þessi skýrsla áhættumælaborð sjóðsins.